

MÍT

Vörðupróf II

Klarínetta

Uppbygging Vörðuprófs II við MÍT miðast við uppbyggingu framhaldsprófs.

Á Vörðuprófi II í klarínettuleik skal nemandi leika tvö verk, eina æfingu og útdrætti úr hljómsveitarverkum. Aðrir prófþættir eru tónstigar og brotnir hljómar, val, óundirbúinn nótnalestur og tónflutningur. Auk þess er gefið fyrir heildarsvip prófsins.

Verkefni á Vörðuprófi II skulu almennt miðast við léttari verk úr verkefnalista fyrir framhaldspróf.

Prófþættir

1. Tvö ólík verk (15 einingar hvert)
2. Æfing (15 einingar)
3. Útdrættir úr hljómsveitarverkum (10 einingar)
4. Tónstigar og hljómar (15 einingar). Leiknir skulu tónstigar til og með 6 formerkjum.
Krómátískur tónstigi, heiltónatónstigar, dúrar, hljómhæfir- og laghæfir molltónstigar.
Þríhljómar og minnkaðir hljómar.
Tónsvið e-g^{'''}
5. Val (15 einingar). Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:
 - a. Leiki verk að eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur verk á prófinu
 - b. Leiki samleiksverk þar sem hann gegnir veigamiklu hlutverki.
6. Óundirbúinn nótnalestur og tónflutningur (10 einingar).
7. Heildarsvipur (5 einingar)

Verkefni og prófkröfur

Tónstigar frá e til g^{'''} - legato og staccato - ákveðið tveimur vikum fyrir próf.

Tveir dúr tónstigar, gangandi þríundir og brotnir hljómar í sömu tóntegund
tveir moll tónstigar, gangandi þríundir í laghæfum moll og brotnir þríhljómar sömu tóntegundar.

Framangreind verkefni skulu leikin frá grunntóni upp á efsta mögulegan hljómton innan tónsviðsins, niður á dýpsta þríhljómstón og upp á grunntón.

Krómátískur tónstigi

heiltónatónstigi frá e og f

minnkaðir sjöundahljómar frá e, f og f^{is}

stækkaðir þríhljómar frá e, f, f^{is} og g

Æfing

Þrjú einleikskafnar úr hljómsveitarverki- eða verkum

Tvö stutt verk eða 2 kafnar úr ólíkum verkum

Eitt stutt verk eða kafli úr verki að eigin vali (má vera kammerverk).

Óundirbúinn nótnalestur og tónflutningur:

Verkefni leikið eins og það er skrifað síðan upp um heiltón og niður um hálfón.